

Skýrsla

um skólahald á Litla-Hrauni skólaárið 2010 – 2011

Þrátt fyrir áframhaldandi niðurskurð til menntamála á Íslandi í kjölfar kreppunnar, var reynt að halda sjó varðandi kennslu fanga á Litla-Hrauni og í Bitru. Gleði skólastjórnenda var því ómæld, þegar fregnir bárust af aukafjárveitingu til kennslumála í fangelsum vegna aukins umfangs með tilkomu fangelsisins í Bitru.

Þegar núverandi starfsemi í Bitru fór af stað, var gengið út frá því, að vistmenn þar nytu eingöngu framhaldsskólanáms í formi fjarnáms. Í ljós kom þó fljótlega, að það þurfti að sinna nemendum þar líka, enda urðu fleiri þar við nám en upphaflega hafði verið reiknað með. Anna Fríða Bjarnadóttir, náms- og starfsráðgjafi í íslenskum fangelsum, bar hitann og þungann af starfinu þar á haustönn 2010, en auk hennar fór kennslustjórinn á Litla-Hrauni nokkrum sinnum þangað á önninni; einkum þó til að sinna prófahaldi.

Önnur gleðitiðindi bárust við upphaf haustannar, þegar Jón Sigurðsson, deildarstjóri á Litla-Hrauni, tilkynnti um heimild til kaupa á fimm fartölvum til afnota í tölvustofu skólans á Litla-Hrauni. Gjörbyltu þær ástandinu varðandi fjarnám, en það var orðið verulega slæmt, þar sem gömlu borðtölvurnar nýtast varla til nokkurs annars en einfaldrar ritvinnslu og kennslu í UTN 103. Um svipað leyti lánaði Háskólafélag Suðurlands fjarfundabúnað á staðinn, en hann hefur einkum nýst þeim, sem stunda nám við HA. Líkur benda til að þeir verði fjórir á næstu önn.

Alls sóttu 54 um skólavist á Litla-Hrauni / í Bitru auk þess sem tveir nemendur sóttu reglubundið skóla utan fangelsa og fjórir voru í fjarnámi á háskólastigi, þar af tók einn þeirra einn áfanga í FSu á L-H.

Samtals gerir þetta 59 einstaklinga. Ekki reyndist unnt að vista alla umsækjendur í skóla; tveir voru farnir áður en skólastarf hófst og allmargir luku afplánun fyrir annarlök án þess að ljúka nokkrum einingum eða voru vistaðir annars staðar og flosnuðu e.t.v. upp í námi af þeim sökum, þótt þeim væri gefinn kostur á að ljúka náminu sem fjarnámi. Eins og jafnan áður heltust svo allmargir úr lestinni síðustu þrjár vikurnar fyrir próf.

Í einhver próf við FSu mættu 29 nemendur og lögðu undir 225 einingar. Af þeim náðu þeir samtals 171 einingu.

Árangur tveggja nemenda í fjarnámi við Háskólann á Akureyri - en þeir voru vistaðir á Litla-Hrauni - var með þvílíkum ágætum að aðdáun vakti í HA. Einnig stóð einn vistmanni á Litla-Hrauni sig með miklum sóma í fjarnámi við HR.

Á vorönn 2011 ákváðu stjórnvöld í landinu að auka enn við fjármagn til kennslu í fangelsunum og einnig ákváðu stjórnendur FSu að bjóða í reynsluskyni vistmönnum á Kvíabryggju upp á fjarnám. Fjórir kennarar við FSu voru fengnir til að sinna fimm fjarnemum á Kvíabryggju. Þessi tilraun gafst ekki nógu vel og verður henni ekki fram haldið á næstu önn. Það er mat okkar í FSu, að best verði fyrir mmm. að semja sérstaklega við Fjölbrautaskóla Snæfellinga um að sinna kennslu þar.

Flestir þeirra 18 vistmanna, sem vistaðir voru í Bitru við upphaf vorannar, skráðu sig í nám og var ákveðið að þrír kennarar við FSu færu í Bitru einu sinni í viku hver og kenndi þar í 75 mínútur hverju sinni. Fór þessi kennsla fram í bráðabirgðakennslustofu á staðnum á mánudags-, miðvikudags- og fimmtudagsmorgnum. Auk þess fór kennslustjórinn á Litla-Hrauni þangað e. h. á þriðjudögum og náms- og starfsráðgjafinn að jafnaði tvisvar í viku. Hafin er könnun á því, hvort hægt verði að koma upp sk. lausri kennslustofu við fangelsið í Bitru, en ljóst er, að núverandi kennsluhúsnæði á staðnum rúmar ekki nemendafjöldann.

Allmargir þeirra, sem vistaðir voru á Litla-Hrauni í janúarbyrjun 2011 voru vistaðir annars staðar þegar á önnina leið. Var þeim þó í flestum tilvikum sinnt áfram af sömu kennurum og í upphafi annar. Stefnt er að því að viðhalda því fyrirkomulagi í framtíðinni.

Af ofanskráðu má ljóst vera, að erfitt er að tilgreina nemendafjölda í hverju fyrrgreindra fangelsa á önninni í heild. Tölurnar, sem hér koma á eftir, eru því annars vegar miðaðar við þá, sem í upphafi voru innritaðir sem fjarnemar á Kvíabryggju og hins vegar þá sem hófu nám á önninni ýmist á Litla-Hrauni eða í Bitru burtséð frá því, hvar þeir voru vistaðir við annarlok.

Sex kennarar við FSu auk kennslustjóra og náms- starfsráðgjafa, sem nú er aftur kominn í fulla stöðu sem slíkur við fangelsin, sinntu kennslunni á Litla-Hrauni á vorönn 2011. Einn kennaranna kom þó aðeins einu sinni í mánuði en hinir ýmist einu sinni eða tvisvar í viku. Auk þessara kennara sinntu allmargir aðrir kennarar í FSu fjarnámi nemenda í gegnum fjarkennsluvefinn Moodle - óháð því, hvort nemendur voru vistaðir á Litla-Hrauni eða í Bitru. Einn þeirra, sem í upphafi annar var vistaður á Bitru og síðar hjá Vernd, stundaði námið í dagskólanum á Selfossi.

Alls voru 57 vistmenn, sem annað hvort voru við skráningu vistaðir á Litla-Hrauni eða í Bitru – sumir tímabundið – skráðir í nám við FSu. Eins og áður sagði voru fimm til viðbótar skráðir í fjarnám frá Kvíabryggju við upphaf annarinnar, en aðeins einn þeirra lauk tveimur einingum. Samtals voru þessir ríflega sextíu nemendur skráðir í á sjötta hundrað námseininga. Af þeim skiluðu samtals 33 nemendur 238 einingum í hús.

Þrjú ofangreindra nemenda brautskráðust þann 19. maí sl.; allir af stúdentsbrautum og einn þeirra að auki af Húsasmíðabraut.

Eins og áður hefur komið fram, stunduðu fjórir fangar háskólanám á vorönn; tveir við HA, einn í HÍ og einn í HR. Tveir þeirra fengu aðeins að hitta kennara sína í örfá skipti en að öðru leyti var um fjarnám að ræða. Vert er að geta þess hér, að námsárangur þeirra var í mörgum tilfellum langt fyrir ofan meðallag.

Þegar þetta er ritað, er ekki búist við að margir muni stunda fjarnám við sumarskóla, enda er slíkt ekki í boði á vegum FSu. Anna Friða Bjarnadóttir, náms- og starfsráðgjafi mun væntanlega greina frá slíku námi í sinni skýrslu.

Selfossi, 31. maí 2011

Ingis Ingason
kennslustjóri á Litla-Hrauni og í Bitru.